



Guðbjargargarður á rætur allt aftur til 1897. Áhrifa einstæðs ræktunarstarfs Guðbjargar Þorleifsdóttur gætir um land allt því að í Múlakot komu gestir til að sjá hvernig fegra mátti sitt næsta nágrenni.



Guðbjargargarður er opin gestum.

Hópar geta bókað leiðsögn um gamla bæinn og kynnst því gegn vægu gjaldi hvernig staðið var að hótélrekstri í sveit fram yfir miðja 20. öldina.

Unnt er að bóka í síma 862-5864

At Múlakot farm was the first hotel in Iceland south.

A unique botanic garden near the farm is dating from 1897.

The garden is open for visitors.

Booking visits for groups interested to see the old hotel and the garden, call +354 862-5864.

Netfang: mulakotsbaerinn@simnet.is
heimasíða: mulakot.is

Múlakot í Fljótshlíð



Múlakot í Fljótshlíð er landsfrægur staður skammt vestan við Markarfljót.

Þar var ferjustaður, gististaður og unaðsreitur listamanna og annarra gesta.

Guðbjargargarður í Múlakoti var fyrsti skrautgarður landsins.



Stefnt er að því að í Múlakoti verði ferðaminjasafn opið almenningi. Þá verði garðurinn einnig öllum opin.

Frá árinu 2014 hefur verið unnið að endurreisn í Múlakoti. Gamla bænum hefur verið forðað frá falli og garðurinn tekur á sig fyrri mynd.

Unnið er að framkvæmdum í Múlakoti undir forystu sjálfseignarstofnunar með aðild landeigenda, sveitarfélagsins Rangárþings eystra og Skógasafns. Til stuðnings endurbótunum starfar Vinafélag gamla bæjarins í Múlakoti sem er öllum opið.



Fastur liður í starfi Vinafélagsins er ljósakvöld í Guðbjargargarði fyrsta laugardag í september. Þá er kveikt á lituðum ljósum í trjánum eins og gert var á árum áður.



Þjóðkunnir og ástsælir listamenn dvöldust oft í Múlakoti. Mörg listaverk eru til vitnis um það. Listmálarinn Ólafur Túbals bjó í Múlakoti og var Eyjafjallajökull handan Markarfljóts honum kært viðfangsefni eins og Ásgrími Jónssyni og fleirum sem staðinn gistu.



Við hreinsun gamla bæjarins fundust listaverk eftir Ólaf Túbals sem sýnd voru á sýningunni *Fundinn fjársjóður* árið 2006. Þar voru bæði vatnslitamyndir og blýantskissur auk olíumálverka.



Í gamla borðsalnum má enn sjá borðbúnaðinn sem notaður var í Múlakoti þegar þar var rekið vinsælt hótél.